



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Skólaráðsfundur 30.apríl 2018 (mánudagur)

Mætt: Þorkell, Gunnar, Oddný, Bjarnheiður, Elfa, Svandís. Ólafía boðaði forföll, varamaður hennar komst ekki.

Fundurinn fer fram í Gamla skóla við Suðurgötu hefst kl. 16:00

1. Fundargerð frá síðasta fundi lesin og samþykkt
2. Skóladagatöl leikskóladeildar og grunnskóladeildar, umræða um dagatölin og starfið í skólanum veturinn 2018-2019

Skólaráð skiptist á skoðunum um 1.des. hátíðarhöld á laugardegi og bendir á mikilvægi þess að hafa nemendur með í ráðum um hvað gert verður og að vinna í að fá fylgi nemenda með í þessu.

Skipulagsdagur í leikskóladeild 15.maí fyrir hádegi

Engar athugasemdir eru gerðar við skóladagatölin að öðru leyti.

Um ritföng: Næta vetur mun skólinn sjá nemendum fyrir ritföngum og öðrum nauðsynlegum gögnum. Þetta verður kynnt fyrir foreldrum á næstunni, rætt um útfærsluna. Skólaráð tekur vel í að ritföngin verði að mestu í skólanum enda óþarfi að senda þau heim þegar lítið sem ekkert heimanám er við skólann. Ísbox undir penna og liti.

Umræða um seinkun skóladags 8:15, rök eru með og á móti. Ákveðið að skólastjóri sendi út könnun og kynni þetta og spyrji foreldra og nemendur á vordögum.

3. Stefna skólans í tölvumálum og upplýsingatækni
hvað finnst okkur að Seyðisfjarðarskóli ætti að leggja áherslu á. Leggja áherslu á að kenna forritun og ritvinnslu (og fingrasetningu). Nýtinga miðla og nets. Skapandi úrvinnsla verkefna og margmiðlunarkennsla. Kynningar og framsögn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 17:35

Ritari Svandís